

**Sp.**

## **76. Tillaga til þingsályktunar**

[70. mál]

um tilraun til að hefja skipulagðar ferðir með skriðbíl yfir Skeiðarársand.

Flm.: Jónas Pétursson, Ragnar Jónsson, Páll Þorsteinsson, Sverrir Júlíusson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta sumri hefja skipulagðar tilraunaferðir með skriðbíl yfir Skeiðarársand milli Lómagnúps og Óræfa.

### **Greinargerð.**

Við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi 20. des. 1962 var samþykkt að heimila ríkisstjórninni: „Að festa kaup á skriðbíl, sem hentað gæti til ferða um torleiði á landi og sem ferja yfir vötn, og reyna slíkt tæki á jökulvötnum og aurum Skaftafellssýslu til þess að fá úr því skorið, hvort á þann hátt yrði opnuð samgönguleið fyrir Skaftfellina og ökufært yrði á léttum bílum umhverfis landið.“ Tilefni þessarar samþykktar var, að fyrir lá tilboð frá Bergi Lárussyni frá Kirkjubæjarklaustri um útvegum á vatnadreka frá Ameríku, sem hægt væri að fá með hagstæðum kjörum. Samgöngumálaráðherra ákvað að nota þessa heimild, og var Innkaupastofnun ríkisins falið að annast um kaup á tækinu. Vatnadrekinn kom til landsins 24. maí s. l. Nokkrar breytingar þurfti að gera á honum, og eftir það var hann síðan reyndur á Skeiðarársandi seint í ágúst og aftur farið á honum í september í reynsluferð.

Sú reynsla, er fékkst af vatnadrekanum í þessum ferðum, var í skemmstu máli mjög góð, hvað hina tæknilegu hlið snertir. En það er aðeins annar þáttur þessa máls. Hinn er sá fjárhagslegi. Nauðsynlegt er að fá hið fyrsta úr því skorið, hvort fjárhagsgrundvöllur er fyrir að reka slíkan vatnadreka á þessari leið til flutninga á vörum og til að flytja smærri fólksbíla, en til þess virðist vatnadrekinn mjög hentugur. Á því leikur tæpast vafi, að ef takast má að opna á þennan hátt hringleið um landið fyrir venjulega fólksbíla, mundi verða að sumrinu mjög mikill straumur ferðafólks þessa leið.

En enn eru þó fleiri þröskuldar á vegi, til þess að ökufært verði um Skaftafellssýslu. Er þar fyrst um að ræða Jökulsá á Breiðamerkursandi. En svo skammt virðist nú í, að sú torfæra verði brúuð, að það mál mun verða skjótlega leyst, ef Skeiðarársandur og vötnin þar verða yfirstigin. Fleiri ár en Jökulsá eru enn óbrúaðar austan Skeiðarársands. Unnið er að framkvæmdum við Steinavötn í Suðursveit, og verða þau brúuð á árinu 1964. Þrjár ár aðrar eru allmiklar torfæru í Óræfum, Svínafellsá, Kotá og Hrutá, og í Suðursveit er Fellsá, sem brú vantar á. Þessar ár eru þó oft færar tveggja drifa bílum. Nokkrar smærri ár er enn um að ræða, en þær eru færast nokkur farartálmi nema í vatnavöxtum. Engin þessi brú er mikið mannvirki. Teljum við flutningsmenn vafalaust, að sá þungi fjölmennisins, sem þrýsti á þetta mál vegna sumarferðalaganna, eftir að Skeiðarársandur væri sigraður, mundi á skömmum tíma leysa þær brúargerðir, sem óhjákvæmilegar eru austar í Skaftafellssýslu.

Öræfingar hafa nú um árabíl notið flugtækninnar til lausnar á samgönguvanda sínum að verulegu leyti. Má þar einkum nefna, að sláturafurðir þeirra hafa verið fluttar með flugvélum. Í því fólst stórkostleg umbót og öryggi. Hínu ber ekki að neita, að sú lausn hlýtur að vera allkostnaðarsöm. Það er því hagsmunamál Öræfinga jafnt sem þjóðarinnar í heild, að tálmunarlitlar samgöngur á landi opnast við Öræfin. Öræfinga sjálfra vegna er meiri nauðsyn að opna landleiðina austur til Hafnar í Hornafirði. En engin framkvæmd mundi hrinda því máli örar áleiðis heldur en einmitt sú, sem opnaði þessa höfuðtorfæru í samgöngumálum landsins, sem vötnin á Skeiðarársandi eru. Sá möguleiki, sem nú virðist fyrir hendi með vatnadrekanum til lausnar á þeim vanda, getur verið úr sögunni fyrr en varir. Þess vegna teljum við flutningsmenn nauðsynlegt, að fast og örugglega sé fylgt eftir að gera til fulls þá tilraun, sem hafin var með vatnadrekanum s. l. sumar.